

ÞJÓÐVILINN

Sunnudagur 16. júní 1968 — 33. árgangur — 122. tölublað.



Flytur íslenska söngva á dag-skránni í dag.

Listkynning MFÍK heldur áfram í dag

Í dag er annar dagur listkynningar MFÍK að Hallveigarstöðum en þar eru á myndlistarsýningu sýnd verk eftir listmálara Drífu Viðar, Eyborgu Guðmundsdóttur, Guðmundu Andrésdóttur, Hafstein Austmann, Sverri Haraldsson og Valgerði Bergsdóttur, höggmyndir eftir Ólöfu Pálsdóttur myndhöggvara og myndvefnaður eftir Ásgerði Búadóttur og Vigdís Kristjánsdóttur.

Þ. Gíslason, og ljóð eftir Halldóru B. Björnsson, lag eftir Jór- unni Viðar. Þá les Guðrún Steph- ensen leikkona kaffla úr Péttri Gaut.

Kl. 9 í kvöld verða tónleikar. Ásdís Þorsteinsdóttir og Agnes Löve leika saman á fiðlu og píano Rómönsu í F-dúr eftir Beethoven og Tilbrigði eftir Tar- tini-Kreisler.

Listsýningin heldur áfram á morgun, 17. júní og verður kaffi- sölu þá haldið áfram allan dag- inn allt til miðnætis. Er til- valið tækifæri að líta inn þar um kvöldið fyrir þá sem verða að skemmta sér í miðborginni.

Sósíalista- félag Reykjavíkur

Sósíalistar í Reykjavík. Sósíalistafélag Reykja- víkur heldur almennan fé- lagsfund miðvikudaginn 19. júní n.k. í Tjarnargötu 20 kl. 20.30.

Fundarefni:

1. Atlanzbandalagið og endalok þess. Frummælend- ur Ásmundur Sigurjónsson og Jón Hannesson.
2. Önnur mál.

Stjórnin.

LR með „Koppa- logn“ í leikför um landið

Á fimmtudaginn kemur, 20. júní, hefst leikför Leikfélags Reykjavíkur til Vestur-, Norður- og Austurlandsins. Sýndir verða þættir Jónasar Árnasonar, „Koppalogn“, á nálega 20 stöð- um víða um land, en fyrsta sýn- ingin verður á Akranesi á fimmtudagskvöldið.

„Koppalogn“ var sýnt í Iðró 53 sinnum í vetur og vor við mikla aðsókn, en sýningum varð að hætta vegna utanferðar eins af aðalleikendunum, Steindórs Hjörleifssonar.

62 STYRKIR ÚR VÍSINDASJÓÐI, SAMTALS AÐ FJÁRHÆÐ 4,9 MILJ.

□ Báðar deildir Vísindasjóðs hafa nú veitt styrki árs- ins 1968, samtals 62 styrki að heildarfjárhæð 4.887.000 krón- ur. Þetta er í ellefta skipti sem styrkir eru veittir úr Vísindasjóði; fyrstu styrkir sjóðsins voru veittir 1958.

Alls bárust Raunvísindadeild 53 umsóknir að þessu sinni, en veittir voru 42 styrkir að fjár- hæð samtals 3 milljónir 237 þús- und krónur. Árið 1967 veitti deildin 46 styrki að heildarfjár- hæð 3 milljónir 102 þúsund kr.

Formaður stjórnar Raunvís- indadeildar er dr. Sigurður Þór- arinsson jarðfræðingur. Aðrir í stjórninni eru Davíð Davíðsson, prófessor, dr. Gunnar Böðvar- son, dr. Leifur Ásgeirsson pró- fessor og dr. Sturla Friðriksson erðfræðingur. Að þessu sinni dveljast þeir dr. Gunnar Böðvarsson og varamaður hans, dr. Guðm. E. Sigvaldason, báðir erlendis og tóku því eigi þátt í þessari úthlutun. Ritari deildar- stjórnar er Guðmundur Arn- laugsson, rektor.

Alls bárust Hugvísindadeild að þessu sinni 38 umsóknir, en veitt-

ir voru 19 styrkir að heildarfjár- hæð 1 milljón og 650 þúsund kr. Árið 1967 veitti deildin 21 styrki að fjárhæð samtals 1 milljón og 445 þúsund kr. Einn styrkibeg- anna, Jón Sigurðsson hagfræðing- ur, afsalaði sér veittum styrk að fjárhæð 125 þúsund kr. Styrkur til séra Kristjáns Búasonar, að fjárhæð 100 þúsund kr., lákkaði í samræmi við fyrirvara í 60 þús. kr., vegna þess að styrkibegi hlaut afgang styrk á tímabilinu. Raun- veruleg heildarfjárhæð styrkveit- inga á árinu 1967 varð því 1 milljón og 280 þúsund kr. Á þessu ári tók einn umsækjandi umsókn sína aftur.

Formaður stjórnar Hugvís- indadeildar er dr. Jóhannes Nor- dal seðlabankastjóri. Aðrir í stjórn eru dr. Broddi Jóhannes- son skólastjóri, dr. Hreinn Bene- diktsson, prófessor, dr. Kristján Eldjárn þjóðminjavörður og Magnús P. Torfason prófessor.

Þjóðvilinn er tuttugu síður í dag, tvö blöð tólf og átta

Ný strætisvagnastæði við Lækjartorg



• A Hekluðóðinni við Lækjar- torg eru komin þrjú stæði fyrir strætisvagna. Hafa verið steyptar þrjár nýjar stéttir meðfram endilöngum stæð- unum fyrir farþega til þess að ganga eftir, áður en þeir stíga upp í vagnana. Vagnarnir aka inn í stæðin frá Lækjartorgi og út úr stæðunum inn í Hafnarstræti. Yzt til hægri er Sundlaugarvagninn. Blesugróf fyrir miðju — þriðja stæðinu er óráðstafað enn.

• Strætisvagninn Njálsgata og

Gunnarsbraut hefur hinsvegar fengið stæði í Hafnarstræti meðfram gangstéttinni — þvert á áðurgreind stæði.

• Þarna stóð áður skýli fyrir strætisvagnafarþega, hefur það verið rífið niður og fjarlægð og hugsanlegt er að reisa skýli fyrir veturinn þar sem bil- stjórnir hafa setustofu. — Eldra fólkíð var ákaflega rugl- að þarna á ferð í gær og spurði stíft til vegar. — (Ljós- mynd Þjóðviljinn G. M.).



Nató pósthús og póststimpill í Reykjavík

Þjóðviljanum hefur borizt bréfsjald frá póst- og síma- málastjórninni í Reykjavík með texta á fimm tungumál- um, íslensku, dönsku, ensku, frönsku og þýzku, þar sem til- kynnt var að sérstakt pósthús yrði opnað vegna ráðherra- fundar Atlantshafsbandalags- ins í Reykjavík 22.-26. þ. m. Ennfremur prýddi bréfsjald- ið póststimpill á með merki Nató, sem myndin er af hér fyrir ofan. Greinilegt er að fleiri stofnanir en Háskóli Ís- lands verða látnar þena undir Nató meðan á ráðherra- fundinum stendur.

Íslenska bridgesveitin er í 10. sæti á Olympíumótinu

Íslensku sveitinni á Olympíu- mótinu í bridge hefur gengið öllu lakkar í síðustu umferðunum en áður. Þó mun hún hafa verið í 10. sæti eftir 24. umferð, en í þeirri umferð sat sveitin hjá. Í 19. umferð vann Ísland.Ber-

muda 15:5 og í 20. umferð vann Ísland Ísrael, 16:4. Eftir það fór að síga á ógæfuhliðina og töpuðu þeir næstu 3 umferðum í röð, fyrir Danmörku 6:14, fyrir USA 2:18 og fyrir Thailandi 9:11.

★

Frammistaða íslensku sveitar- innar hefur verið með miklum á- gætum það sem af er mótinu en sjálfsagt er farið að gæta nokkurrar þreytu. Enn er hins vegar eftir nær þriðjungur mótis- ins og vonandi tekst sveitinni að halda í hortinu til loka.


10 landflóttá Grikkir koma í n.k. viku hingað

Seinni hluta næstu viku eru væntanlegir hingað til lands tíu landflóttá Grikkir á vegum Sænsku Grikklandsnefndarinnar. Grikkirnir munu dveljast hér í viku til tíu daga og hafa hug á að kynna Íslendingum ástandið í heimalandi sínu. Einnig munu þeir ræða við stjórnmálamenn og félagsamtök hertendis, sem hug hefðu á að veita grísku þjóðinni eittíðvert lið í þeirri harðvitugu baráttu sem hún heyr við inn- lend og erlend afturhaldsöfl.

(Frá Æskulýðstýrkingunni).

KEFLAVÍKURGANGAN

23. JÚNÍ 1968



MINNISBLAÐ

- Reykjavík kl. 8.00.
- Ávarp við hliðið.
- Gangan hefst kl. 9.30.
- Vogar.
- Kúagerði.
- Straumur.
- Hvaleyrarholt.
- Kópavogur.
- Útifundur í Lækjargötu.
- Verið vel búin.
- Hafið nesti, myndavélar, hljóðfæri, peninga.

Skrifstofan
Aðalstræti 12

Sími 24701

Skráið ykkur strax.

HERINN BURT
ÍSLAND ÚR NATÓ